



**Ræða forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíð Framtíðarinnar
málfundafélags MR
10. febrúar 2005**

Ágætu MR-ingar
rektor; hátíðargestir

Eitt sinn skáti ávallt skáti, er þekkt kjörorð og við getum líka sagt: einu sinni forseti ávallt forseti, alla vega forseti Framtíðarinnar, það gæti verið kjörorð dagsins.

Það hefði svo sannarlega ekki hvarfað að mér haustið 1960 þegar ég tók við embætti forseta Framtíðarinnar að nærri 45 árum síðar væri ég kallaður til embættisverka. Ég hélt að ég hefði bara verið kosinn til eins vetrar og reyndar taldi ég þá að allir sem væru jafngamlir og ég er nú væru komnir hálfra leiðina á Elliheimilið Grund og því ekki mikið á því að græða að eiga orðastað við slíka öldunga.

En svona breytast sjónarmiðin, nú þykir mér sjálfsagt að þiggja ykkar góða boð og fagna með Framtíðinni hér í dag og koma aftur á vettvang MR-inga.

Já, við töldum fyrir 40 árum MR svo sannarlega merkasta skólann í veröldinni enda var samkeppnin svo sem okkur hagstæð, Versló þá eini skólinn sem sá um hana og var þá bara í litlu húsi í Þingholtunum.

Við vorum, og vissum það vel, arftakar þeirra sem höfðu haft forystu í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga: Hannesar Hafstein, Valtýs og Skúla Thoroddsen og svo síðar þegar stéttastjórnsmálin tóku við Ólafs Thors, Einars Olgeirsson, Hermanns og Bjarna Benediktsson, já listinn var langur, og eingöngu karlar! Við getum kannski spurt: Var þá MR bara karlrembuskóli?

Vissulega var þessi sjálfsmynd okkar hrokafull, en okkur fannst hún fullkomlega eðlileg, vorum jafnvel staðráðin í að sanna að við værum enn klárari en þeir sem þjóðin dáði, gætum skákað helstu gáfumönnum Íslendinga.

Og hvernig áttum við að sanna það? Jú, við ákváðum að skora á hólmi þá sem fremstir voru, Sigurbjörn Einarsson biskup og Halldór Laxness, sýna að við kynnum betur skil á Himnaríki en biskupinn sjálfur, vissum meira um bókmenntirnar en Nóbelskaldið.

Við bjuggum til vettvang sem við kölluðum málkvöld og boðuðum þessa snillinga á teppið. Málkvöldin voru haldin á Íþökulofti. Þar átti að vera vettvangur þessara sigurstunda þegar MR-ingar, auðvitað á fundum Framtíðarinnar, sköruðu framúr helstu gáfumönnum.

Af því að öðlingurinn Sigurbjörn biskup var með ykkur hér í fyrri - og skemmtileg tilviljun að við skulum koma hér hvor á eftir öðrum, við sem hittumst fyrst á vettvangi Framtíðarinnar þegar ég var bara hrokafullur MR-ingur, hann virtur biskup.

Reyndar verð ég að játa að rúmlega níraður heldur hann sér mun betur en ég, allavega er heilabúskapur hans traustari en minn, enda borðar hann fisk á hverjum degi en ég verð að sitja í embættisnafni í alls konar veislum – já, af því að Sigurbjörn biskup var með ykkur hér í fyrri má ég til með að rekja hvernig hann lék sér að okkur sem þá vorum í Framtíðinni og töldum okkur vita allt betur en biskupinn sjálfur.

Umræðuefnið var Guð og Himnaríki og við ætluðum svo sannarlega að setja biskup á gat, spurðum eftir nokkurt þóf, auðvitað með talsverðum MR-hroka: „Og hvað gera menn svo eiginlega í Himnaríki, getur þú svarað því herra biskup?“

Sigurbjörn þagði drykklanga stund, lyfti svo glasi af Sinalco sem þá var vinsælasta gosið hjá ungmönnum landsins, vinsælla en Coca-Cola. Biskupinn horfði á okkur með bros á vör, sagði stundarhátt:

„Já, kannski drekka menn bara Sinalco í Himnaríki“

Og hvernig áttum við að svara þessu. Við vissum að við værum mátt Sigurbjörn biskup skildi okkur eftir heldur niðurlút. Kannski var það bara þannig að biskupinn var eftir allt saman klárari en við í Framtíðinni.

En huggun okkar var sú að Halldór Laxness var eftir og okkar sjens að sýna að við værum betur heima í bókmenntunum en skáldið á Gljúfrasteini.

Við sóttum okkur efnivið í heimsbókmenntirnar og settum á langar tölur þegar Nóbelskaldið kom á málkvöldið sem líka var haldið var á Íþökuloftinu. Halldór hlustaði á okkur góða stund en sagði svo með sinni þekktu rödd:

„Mikið eruð þið gamaldags krakkar mínir. Hafið þið virkilega ekki lesið nýrri bækur?“

Já, þá var erfitt að vera MR-ingur, mátuð á heimavelli af þessum hógværu gáfumönnum, sérstaklega var þetta vont með Halldór, hann hafði jú hætt í MR – að hætta í MR það gerir nú enginn með fullu viti; og aldrei var hann kosinn forseti Framtíðarinnar.

Ég veit að margir Íslendingar eru fyrir löngu búnir að fá nóg af þessum MR gorgeir og kannski verðum við að játa að hann keyrir jú stundum úr hófi.

En skólinn var okkur þó harla drjúgt veganesti. Hann gaf okkur trú á okkur sjálf, trú á að okkur væru allir vegir færir.

Það er andinn sem gamla húsið við Lækjargötu færði okkur og einnig ykkur, andinn sem kynslóðirnar sem þar hafa setið skildu eftir, andinn sem fylgir þjóðfundarsalum, skólastofum og gömlum gólfum.

Í breyttum heimi heldur MR sínu, Framtíðin er enn fyrirheit um nýja tíma og vissulega eru tækifæri ykkar önnur og meiri en okkar áður.

Já, þið eruð í raun og veru fyrsta kynslóðin í sögu þessa gamla og virta skóla sem getur haft heiminn allan að vettvangi ævistarfsins.

Aldrei fyrr hefur ungt fólk haft það í hendi sér að ákveða hvar í veröldinni það vill búa og starfa, stofna heimili og láta reyna á krafta sína.

Áður voru hindranir á slíkum vegi, hindranir sem áttu rætur í lögum ríkja, í átakalínum heimsmálanna.

Nú er veröldin hins vegar orðin ein heild. Ykkur eru allir vegir færir.

Ég veit að fólk á ykkar aldri þarf ekki á ráðgjöf frá mér að halda, hver kynslóð vill sjálf marka sér völl.

En samt vil ég segja ykkur eitt, lærdóm sem ég hef dregið af því að hafa þvælst víða um veröldina, kynnast flestum löndum í Evrópu og einnig Ameríku, sækja heim Indland - reyndar kom ég nú þaðan í nótt - líka Kína, fjölmörg önnur lönd í bæði Afríku og öðrum álfum, þá hef ég sannfærst um hve brýnt er að halda fast í íslenskar rætur þótt heimurinn allur verði leikvangur ævistarfsins, að það eru einstök forréttindi að vera Íslendingur í veröld sem nú er í mótun, forréttindi að njóta frelsis og lýðræðis í okkar landi, menntunar og heilbrigðis sem öllum er hér boðin, njóta náttúru Íslands, öræfanna, víðáttunnar, fjalla og dala, þeirrar sinfóníu sköpunarverksins sem Ísland flytur okkur á degi hverjum.

Þótt þið leggið lönd undir fót og nýtið ykkur tækifærin sem nú bjóðast víða um veröldina þá langar mig að gefa ykkur í einlægni það góða ráð að hafa Ísland áfram sem heimavöll, um leið og þið grípið tækifærin sem kunna að gefast víða um heim, að þið verðið í senn góðir Íslendingar og sannir heimsborgarar.

Það eru mikil forréttindi að vera Íslendingur, ég tala nú ekki um að vera líka MR-ingur.

Ég óska ykkur til hamingju með þessa hátíð og þakka fyrir að vera boðið að vera með ykkur hér í dag.